

Nr. 049 / 15 Herkúles SH 147***Sekkur á Breiðafirði***

Skipaskr.nr. 5377
Smíðaður: Hofsós 1973, fura og eik
Stærð: 4,04 brl. 5,38 bt.
Mesta lengd: 8,47 m Skráð lengd: 8,30 m
Breidd: 2,52 m Dýpt: 1,03 m
Vél: Mitsubishi 41,03 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 1



Herkúles©Alfons Finnsson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. maí 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 19. maí 2015 var Herkúles SH 147 á strandveiðum á Breiðafirði. Veður: SA 9-13 m/s.

Kl. 16:55 á stað 64°56,801N og 023°54,091V óskaði skipverjinn eftir aðstoð þar sem leki var kominn að bátnum og sjór í vélarúm. Björgunarskipið Jón Oddgeir var kallað út og einnig nærliggjandi skip á svæðinu. Ólafur Bjarnason SH 137 tilkynnti klukkan 17:19 að Herkúles væri sokkinn en tveimur mínútum síðar var báturinn kominn að skipverjanum í sjónum. Var björgun skipverjans lokið kl. 17:25. Hann hafði verið í sjónum í 10-15 mín og var orðinn kaldur en að öðru leyti nokkuð hress eftir volkið.

Skipverjanum hafði ekki tekist að ræsa uppblástur gúmmíbjörgunarabátsins né að koma sér í björgunarbúning þrátt fyrir tilraunir til þess.

Samkvæmt ferilvöktunarkerfi Vaktstöðvar siglinga kom síðasta AIS merki frá Herkúles kl. 17:08 og á stað 64°57'001N - 023°54'025V.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn gat ekki gert sér grein fyrir hvaðan lekinn kom. Hann kvaðst hafa verið á leiðinni í land á u.þ.b. 5-6 hnúta hraða þegar hitamælir fyrir aðalvél steig mikið svo hann drap á henni;

- að tvær 12 V rafmagnslensur voru um borð, önnur í vélarúminu en hin í lestinni. Voru þær af gerðinni RULE 3700. Til viðbótar var svo handdæla frá lestinni;
- að þegar hann opnaði niður í vélarúm var kominn talsverður sjór í það (*náði honum upp í hné*) og þrátt fyrir handlensun og með aðra lensingu í gangi hafðist ekki undan lekanum. Fljótlega varð bæði handlensu- og lensibúnaðurinn óvirkur. Skipstjórinn kvaðst einnig hafa reynt að ná austri úr vélarúminu með fötu;
- að um borð var Regatta björgunarbúningur. Fram kom hjá skipstjóranum að hann hafi farið í hann en ekki komist í hanskana því þeir voru of þröngir. Hann hefði því þurft að fara úr honum aftur til að halda áfram að lensa;
- að skipstjórinn kvaðst hafa farið inn í stýrishúsið til að fara aftur í björgunarbúninginn þegar bátnum hvolfdi. Hann komst út og náði að sjósetja gúmmíbjörgunarbátinn en eins og fram hefur komið tókst honum ekki að hefja uppblástur hans;
- að gúmmíbjörgunarbáturinn kom úr skoðun viku fyrir atvikið og við frágang á honum hafði gleymst að festa fangalínu hans á viðeigandi hátt við skipið en skipstjórinn sagði það hafa verið mistök;
- að heildarskoðun á skipinu fór fram eftir að gúmmíbjörgunarbáturinn kom úr skoðun án þess að athugasemd væri gerð um festingu fangalínu;
- að skipstjórinn sagðist hafa dregið út fangalínuna meðan hann var í sjónum sem reyndist erfitt fyrir hann og á endanum gafst hann upp enda orðinn uppgefinn. Hékk hann þá á gúmmíbjörgunarbátahylkinu og sá þá að Ólafur Bjarnason var að koma að honum;
- að gúmmíbjörgunarbátahylkið var tekið til skoðunar og virkaði uppblástur eðlilega þegar öll fangalína bátsins hafði verði dregin út en hún var 10 m löng. Einungis þurfti að draga út um 2 sm af fangalínunni til að ræsa uppblástur bátsins;
- að u.þ.b. 750 kg af fiski og 300 l af olíu voru um borð;
- að skipstjórinn hafði ekki orðið var við leka nema í fyrstu eftir að skipið var sjósett og það þurfti að þétta sig.

Nefndarálit:

Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga treystir nefndin sér ekki til að álykta um orsök atviksins.

Nefndin telur að verulegur meinbugur hafi verið á búnaðarskoðun skipsins þar sem ekki var gerð athugasemd við að fangalína gúmmíbjörgunarbátsins var laus.

Tillaga í öryggisátt:

Nefndin beinir því til Samgöngustofu að þegar í stað verði gerð úttekt á björgunarbúningum úr Neopren efni með áfestum fingravettlingum þar sem ítrekað hafa komið upp vandamál við að komast í þá.